

5. Gildistaka o.fl.

5.1. Reglur þessar¹, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 52, 12. maí 1970 um eftirlit sem skipum, staðfestast hér með til að öðlast gildi þann 1. maí 1985 og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Ákvæði gr. 14.121. í meðfylgjandi Norðurlandareglum öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. sept. 1985. Jafnframt gildistöku þessara reglna falla úr gildi eftirgreindar reglur:

- Reglur um smíði og búnað skemmtibáta, Stj.tíð. B, nr. 450/1978.
- Reglur um smíði skarsúðaðra tréskipa, Stj.tíð. B, nr. 59/1960.
- Reglur um legufæri og lestar fiskiskipa með mestu lengd 15 m og minni, Stj.tíð. B, nr. 64/1979.
- Reglur um stöðugleika og öryggi fiskiskipa með mestu lengd 15 m og minni, Stj.tíð. B, nr. 18/1980.

Ennfremur falla úr gildi þau ákvæði eftirgreindra reglna, sem varða báta með mestu lengd allt að 15 m:

- Reglur um **smíði tréskipa**, Stj.tíð. B, nr. 260/1947 og 159/1967.
- Reglur um **smíði fiskiskipa úr stáli allt að 50 m lengd**, Stj.tíð. B, nr. 327/1977.
- Reglur um **eldvarnir í fiskiskipum**, Stj.tíð. B, nr. 260/1969.
- Reglur um **eftirlit með skipum og öryggi þeirra**, Stj.tíð. B, nr. 11/1953.

¹ Reglur um breytingar á reglum um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, nr. [11/1953](#), sem nú eru fallnar úr gildi.